

Málverkasýning Eyjólfss Eyfells.

Gengi ýmissa íslenskra mál-
ara hefir vaxið mikið á þessum
síðustu árum, og þarf ekki að
efa að það er mjög að verð-
leikum. Nægir í því sambandi
að nefna t. d. Eggert Guð-
mundsson. En þó munu enn
vera sumir í þessari listamanna-
sveit, sem tæpast eru metnir
eins og vert væri, og mætti svo
jafnvel segja um garpinn og
snillinginn Guðmund Einars-
son, og þó enn fremur um ann-
an ágætan listamann, sem sýn-
ingu hefir þessa dagana, Eyjólf
Eyfells. Mér hefir virst þessi
maður vera einn af eftirtektar-
verðustu málurum íslenskum,
og sé að mér fundið, einsog má

með réttu, að eg hafi ekki mikla
stund á það lagt að læra að meta
og dæma um málaraust, þá má
geta þess, að ef eg man rétt, þá
hefir maður, sem einmitt hefir
stundað litfræði, próf. Ágúst
Bjarnason, einhverntíma látið í
ljósi mjög mikið álit á Eyjólf
Eyfells, og þá er heldur ekki lit-
il viðurkenning í því fólgin, að
hann er einn þeirra listamanna,
sem h. h. konungurinn hefir
álitíð þess verðan að kaupa
málverk eftir hann. Á morgun
er síðasti sunnudagurinn sem
þessi eftirtektarverða sýning er
opin, og væri betur að orð mín
gætu ýtt undir sem flesta til að
lita þar inn og sannfærast um,
að þar eru listaverk sem mjög
eru þess verð, að sjá þau og
eiga.

Helgi Pjeturss.

Vísir 12 júní 1937